

Dularfulla Hvarfið

Höfundur: Lilja Snædís Marteinsdóttir

Árið er 2019 lítil stelpa er að labba að kvöldi til réttara sagt á kaldri og drungalegri hrekkja vöku nóttu. Allir eru farnir heim með fullar körfur af nammi enda klukkan orðin margt. Hún er með lítið prik og er að strjúka því meðfram runnum, allt í einu er kippt í prikið og stelpunni er kippt með inn í runnana hún öskrar og öskrar en engin heyrir. Hún fannst aldrei eða hvað?

FIMM ÁRUM SEINNA

“Komdu í kapp Hilda!” Sagði Emil og hann byrjaði að hlaupa samstundis. ”Í alvöru Emil við erum 13 ára ekki 5 ára!” sagði Hilda pirruð. ”Vá einhver fór fram úr vitlausu megin” sagði Emil á meðan hann skokkaði léttilega til baka. ”Það er bara ég er með svo mikinn hausverk og mig dreymdi sama drauminn aftur” Sagði Hilda. ”Bíddu hvernig var hann aftur?” sagði Emil. ”Sæll hvað þú ert gleyminn!, en hann er einhvern veginn svona: það er ung stelpa inn í drungalegum og dimmum helli, hún er illa farinn og hún er á svipuðum aldri og við, hún er ljóshærð og með blá augu, hún andar hratt eins og hún sé hrædd við eitthvað og hún er mjög grönn eins og hún hafi ekki fengið að borða í margar vikur” Sagði Hilda. ”Já ókei, en við skulum halda áfram svo við verðum ekki of sein í skólann!” sagði Emil.

“Krakkar veljið ykkur sæti!” sagði Halldóra nýi kennarinn þeirra. Hún var smávaxin og þybbin kona með dökka lokka fasta í þröngan snúð, hún var í íþróttafötum og með flautu um hálsinn. “Hún er örugglega ný búin að kenna íþróttir” sagði Emil “já örugglega” sagði Hilda hún var að setjast í sætið hliðin á Emil þegar stelpa hrinti henni frá. “ Af hverju gerðirðu þetta??” sagði Hilda, hún nuddaði hnéð. ”Æ æ farðu að gráta” sagði stelpan sem hét Klara, Klara var ein af “vinsælu stelpunum” eins og maður kallar það. Brúna langa hárið liðaðist niður kroppin.

Hún var í glænýrri rauðri peysu og með naglalakk í stíl og svo var hún í svörtum gallabuxum. Hilda rúllaði augunum og valdi sér sæti aftast í stofunni.

“Bæ bæ Emil sjáumst á morgun!” Sagði Hilda þegar hún beygði fyrir hornið. Hilda ákvað að stoppa í bakarið til að kaupa snúð fyrir litla bróður sinn . Þegar Hilda var að labba fram hjá runnunum fann hún einhverja undarlega tilfinningu á sér eins og einhver væri að horfa á hana . Hún leit aftur fyrir sig og þar stóð engin önnur en Klara hún hafði greinilega elt hana . ”Af hverju ertu að elta mig ég vissi ekki að þú varst aðdáandi” Sagði Hilda hæðnislega “Æ plís, eina sem ég vildi segja er láttu Emil í friði bara svo þú vitir það þá er hann MINN!” Sagði Klara, hún lagði mikla áherslu á orðið “minn” en Hilda spáði ekki mikið í því ”ekkert að óttast ég á hann ekkert sko” sagði Hilda og labbaði í burtu.

Hilda labbaði léttilega heim með bleikan snúð í fanginu. Þegar hún labbaði inn var litli bróðir hennar Jónas sprelli kátur bíðandi eftir henni. “ Hilda!!!” sagði Jónas “hæ litli kúturinn minn” sagði Hilda og rétti honum snúðinn “vertu nú stilltur og leyfðu mér að læra” sagði Hilda “Okeiiii” svaraði Jónas.

Um kvöldið þegar Hilda var búinn að læra og foreldrar hennar komnir heim ákvað hún að fara í stuttan labbitúr . Hún ákvað að sækja Emil því henni langaði ekki að labba alein svona seint um kvöld. Hún bankaði á hurðina hjá honum og hann sagði já samstundis þegar hún spurði hann enda var hann mikill íþróttamaður. Þegar þau voru að labba fram hjá runnunum fann Hilda sömu undarlegu tilfinningu og áður og hún fann hroll um allan líkamann sinn. “Er ekki allt í lagi?” Sagði Emil með áhyggjutón í röddinni ”Jú,jú það er allt í lagi” sagði Hilda en á sama augnabliki stakktst grá hönd út ötuð blóði út úr runnunum og klóraði hana til blóðs. “Á, hvað var þetta” sagði Hilda og tók um sárið. Hún leit við til að gá hvort að Emil hefði ekki hlaupið frá henni og þar var engin Emil bara slóð af blóði sem leiddi inn í runnana. “EMIL!, HVAR ERTU?” Öskraði Hilda.

Hún ákvað að gera ekki fleiri vandamál úr þessu svo hún ákvað að biðja um hjálp.

Hún hljóp heim til Emils og þar var mamma hans Dísu að vaska upp eftir matinn. "Hæ Hilda mín gætirðu sagt honum Emil að koma að borða kvöldmat" Sagði Dísu. "Dísu! Emil er horfinn" sagði Hilda dauðþreytt eftir hlaupin. "Æ hættu Hilda mín þú og Emil gerið mig svo taugaveiklaða með þessum grínum!" Sagði Dísu og hún kleip í kinnarnar á Hildu "Ég er ekki að grínast! Hann bara hvarf!" Sagði Hilda pirruð "Hættu nú Hilda og segðu Emil að koma inn og borða!" Sagði Dísu. Hilda nennti ekki að rífast meira við Dísu svo hún hljóp út og hún ákvað að leita sjálf af Emil. Hún fór fyrst til runnana því þar hafði hún séð Emil síðast, þar hafði líka stelpan týnst fyrir 5 árum. Þegar hún nálgast runnana heyrði hún öskur, ekki öskur sem maður heyrir þegar krakkar leika sér heldur hræðilegt öskur og það hljómaði allt of mikið eins og Emil. "Emil ég er að koma!" Sagði Hilda en allt í einu var kippt í hana og hún var dregin í gegnum runnana. Hún öskraði og öskraði en það var eins og engin heyrði.

Allt í einu stoppaði manneskjan eða hvað sem þetta var og gnæfði yfir Hildi. Veran var stór og minnti helst á uppvöku. En það sem vakti athygli Hildar mest var skærrauða naglalakkið sem byrjað var að flagna af. Veran hljóp hratt í burtu út í myrkrið. Hilda leit í kringum sig og hún var stödd í helli, þetta minnti Hildi á hellin sem hún hafði séð í draumum sínum, í fjarska heyrði hún vatn renna og allt í einu heyrði hún fótatak. "Emil ert þetta þú!" Öskraði Hilda út í myrkrið. "Hver er Emil?" Sagði stelpan "bíddu nú við ert þú ekki stelpan sem ég hef verið að sjá í draumum mínum?" Sagði Hilda "hvað ertu að bulla ég er Soffía stelpan sem týndist fyrir fimm árum" sagði Soffía "ég er búin að reyna að finna leiðina út en þetta er eiginlegt vöfundarhús" bætti hún við. Stelpan ruglaðist mikið með orðin sín og greinilegt var að hún var þyrst. "Er þá engin leið út?" spurði Hilda áhyggjufull "Jú það er einhver leið, en það er bara eiginlega ómögulegt að komast út" sagði Soffía döpur.

Þegar stelpurnar voru búnar að dúsa í hellinum heillengi var Hilda kominn með áætlun. “Hvað með að ef ég hjálpa þér að komast út þá hjálpar þú mér að finna Emil, hann er vinur minn og ég vil ekki missa hann” sagði Hilda “já auðvitað ég kann eiginlega leiðina um allan hellin” sagði Soffía.

“Bíddu er hann stærri” sagði Hilda aðeins of hátt “uss já hann er það “ sagði Soffía. “Eltu mig” hvíslaði hún.

Stelpurnar voru búnar að fara í ótal beygjur og loks fundu þau eitthvað. “oj” sagði Hilda og ýtti við dauðu dýri með fætinum. Það var búið að rífa hausinn af því. Þær héldu áfram í nokkrar mínútur og svo blasti versta sjón í heiminum fyrir Hildi. Emil lá á ísköldu steingólfinu, fötin hans voru rifin og tætt, andlitið hans var rispað eftir greinarnar á runnunum og hann var meðvitundarlaus og útbittinn af flugum sem flugu yfir honum. Hilda öskraði og stelpurnar heyrðu í verunni nálgast “hvað gerðirðu, manstu hafa hljótt!” sagði Soffía. “fyrirgefðu” sagði Hilda, allt í einu var veran standandi beint fyrir framan þær. Hún var reið MJÖG reið, hún greip í Soffíu og það sást á verunni að hún ætlaði að drepa hana. Veran byrjaði að þrýsta klónum inn í Soffíu, Soffía öskraði af sársauka og grátbað veruni að sleppa sér. Hilda gat ekki lengur horft á vinkonu sína í svo miklum sársauka að hún ákvað að beina athygli verunnar á sig. Hún greip stóran stein og kastaði honum eins fast og hún gat í hausinn á veruni. Veran sleppti Soffíu og hún féll harkalega á jörðina. Soffía tók öskur þegar hún sá beittan hlut koma á fullum hraða beint að henni. Veran stakk hlutnum eins fast og hún gat í Soffíu. Hilda öskraði af hræðslu við sjóninni sem hún sá. Hilda vissi ekki hvað hún gat gert, hún var við það að gefast upp þegar hún sá glitta í beitta hlutinn sem veran hafði notað á jörðinni. Hilda tók hann upp og hljóp eins hratt og hún gat með hnífinn á lofti í áttina að verunni. Hilda stakk hnífnum eins fast og hún gat í veruna en ekkert gerðist veran sýndi engin viðbrigði af sársauka. Veran greip í Hildi og ætlaði greinilega að gera það sama sem hún hafði gert við Soffíu. Hilda klemmdi augunum eins fast og hún gat og vonaði að þetta yrði fljótt, en allt í einu sleppti veran henni og tók öskur. Hilda opnaði augun og þar stóð Emil sem hafði stungið veruna á hjartastað. Veran

féll niður og hún breyttist í stelpu, ekki einhverja ókunnuga stelpu heldur sjálfa Klöru sem lá nú dáin á gólfinu .